

Priðjudaginn 19. nóvember 1996.

Nr. 422/1996.

Ákærvaldið

(Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður)

gegn

Reyni Ragnarssyni

(enginn)

Kærumál. Hæfi. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 31. október 1996, þar sem Jónas Jóhannsson héraðsdómari viku sæti í máli sóknaraðila á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða 26. ágúst 1996 var hafnað kröfu sýslumannsins á Ísafirði um gæsluvarðhald yfir varnaraðila á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Úrskurð þennan kvað upp Sonja María Hreiðarsdóttir dómarafulltrúi. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 19/1991 skal dómari vika sæti í máli, ef hann hefur úrskurðað mann, sem þar er ákærður, í gæsluvarðhald samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laganna. Samkvæmt gagnályktun frá fyrrnefnda lagaákvæðinu ber héraðsdómara ekki að vika sæti í máli, ef hann eða dómarafulltrúi, sem starfar í umboði og á ábyrgð hans, hefur hafnað slíkri kröfu um gæsluvarðhald. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 31. október 1996.

Með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 25. október 1996, er kveðið á um málshöfðun á hendur ákærða, Reyni Ragnarssyni, kt. 180460-4899, fyrir ætlað brot gegn 1. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992, framið á Suðureyri aðfaranótt sunnudagsins 25. ágúst 1996.

Í þágu frumrannsóknar málsins lagði lögreglustjórinn á Ísafirði sama dag fram kröfu um gæsluvarðhald á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Dómarafulltrúi við Héraðsdóm Vestfjarða tók gæsluvarðhaldskröfuna til úrskurðar samdægurs í fjarveru hins reglulega héraðsdómara og synjaði um kröfu lögreglustjóra.

Samkvæmt síðari málslíð 6. gr. laga um meðferð opinberra mála ber dómara að víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru, ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald samkvæmt 2. mgr. 103. laganna. Rökin fyrir þessu ákvæði eru þau, að ekki þykir rétt, að dómari, er tekið hefur afstöðu til þeirra atriða, sem rakin eru í síðastnefndri lagagrein, fari einnig með málið eftir útgáfu ákæru, enda talið óhjákvæmilegt fyrir dómara að taka einhverja afstöðu til sektar eða sakleysis viðkomandi sakbornings við þá úrlausn. Engu breytir, þótt synjað hafi verið um gæsluvarðhald í því tilviki, sem hér er til umfjöllunar, enda liggja að baki sjónarmið um mannréttindi, sem lögfest eru í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995 og Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögleiddur var hér á landi með lögum nr. 62/1994.

Samkvæmt framanrituðu og með skírskotun til niðurstöðu meiri hluta Hæstaréttar í málinu nr. 151/1996 frá 3. júní 1996 um, að vanhæfi dómaraafulltrúa, sem starfar í umboði og á ábyrgð hins reglulega héraðsdómara, til meðferðar máls valdi einnig vanhæfi héraðsdómarans, ber hinum síðarnefnda nú að víkja sæti af sjálfsdáðum við meðferð máls nr. S-38/1996 hér fyrir dómi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hinn reglulegi héraðsdómari í máli Héraðsdóms Vestfjarða nr. S-38/1996: Ákæruvaldið gegn Reyni Ragnarssyni, víkur dómarasæti af sjálfsdáðum.